

Hulda Kristjánsdóttir

From: Brynhildur Jónsdóttir <brynhildur@kvennaathvarf.is>
Sent: mánudagur, 4. desember 2023 11:54
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2024

Flóahreppur
Hulda Kristjánsdóttir

Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2024

Í ríflægum 40 ár hefur Kvennaathvarfið þjónað íslensku samfélagi sem frjáls félagasamtök í náinni samvinnu við opinbera kerfið. Úrræði Kvennaathvarfsins eru löngu orðin ómissandi hluti af þeirri þjónustu sem konur og börn sem búa við ofbeldi geta nýtt sér. Samtök um kvennaathvarf reka nú tvö athvörf, í Reykjavík og á Akureyri og eru þau sem nýta sér þjónustu athvarfanna fjölbreyttur hópur þolenda, aðstandenda og fagaðila alls staðar að af landinu. Stöðug aðsókn hefur verið bæði í dvalar- og viðtalsþjónustu athvarfsins og hefur viðtalshlutinn farið ört vaxandi undanfarin ár.

Ráðgjafar okkar hafa átt í nánu og góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaga í gegnum árin, bæði hvað varðar málefni þeirra kvenna sem til okkar leita en einnig í auknum mæli varðandi málefni barna sem gista athvarfið. Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Kvennaathvarfs og eru það von okkar að svo verði áfram. Í því skyni óskum við eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2024 að fjárhæð kr. 200.000.

Árskýrslur Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is/arsskyrslur/.

F.h. Samtaka um kvennaathvarf

Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra
brynhildur@kvennaathvarf.is